

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 19. janúar 2023 eftirfarandi:

Breyting á deiliskipulagi – Vetrarmýri, miðsvæði.

Breytingin gerir ráð fyrir því að byggingarreitur kjallara að Vetrarbraut 2-4 verði stækkaður. Krafa um inndregna byggingarreiti breytist til aðlögunar á landhalla. Hluti efstu hæðar fjölbýlishúsa í Vetrarmýri getur náð út að úthlið byggingar á nokkrum stöðum, þó svo að hún sé inndregin. Svalir í fjölbýlishúsum í Vetrarmýri mega fara 1 metra út fyrir byggingarreit í stað 0,6 m. Uppgefnir fermetrar í stærðartöflum fjölbýlishúsa í Vetrarmýri eiga eingöngu við um A-rými skv. skráningartöflu. Í greinargerð deiliskipulags Vetrarmýrar verði ákvæði í kafla 2.6.4 um bílastæði um að miðað sé við birta stærð íbúðar ofanjarðar eins og hún er skráð í skráningartöflu.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 2. ágúst 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 2. ágúst 2023